

Upplýsingar um val í fyrsta bekk vor 2023

Nú er komið að því að nemendur í 1. bekk velji sér valgreinar fyrir vorönn í 2. bekk, þ.e. þær brautir sem taka valgreinar á öðru ári. Náttúrufræðibraut mun skiptast upp í þrjár brautir að loknum fyrsta bekk, þ.e. heilbrigðisbraut, náttúrufræðibraut og raungreina- og tæknibraut. Af þessum þremur brautum er einungis náttúrufræðibraut sem velur einn valáfanga fyrir vorönn 2024. Það eru því nemendur sem eru á félagsgreinabraut, kjörnámsbraut (sviðslistir), mála- og menningarbraut og náttúrufræðibraut sem eiga að velja sér einn valáfanga (og einn til vara) fyrir vorönn 2024. Tónlistarnemendur geta valið hvoru tveggja áfanga í MA og TA.

Hér á eftir er að finna upplýsingar um val á hverri braut.

Félagsgreinabraut (FB): Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 25 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 15 að tilheyra einkennisgreinum félagsgreinabrautar**, þ.e. félagsgreinum, sögu og heimspeki, landafræði, félagsgreinaensku og stærðfræði. Á vorönn í 2. bekk taka nemendur á FB einn valáfanga, tvo á haustönn í 3. bekk og tvo á vorönn í 3. bekk.

Heilbrigðisbraut (HB): Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 20 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 10 að tilheyra einkennisgreinum heilbrigðisbrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, sálfræði, stærðfræði, forritun og kynfræðslu. Nemendur á HB taka alla sína valáfanga í 3. bekk, tvo á hvorri önn.

Kjörnámsbraut, sviðslistir (KBS): Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 25 einingum í vali og þar eiga **a.m.k. 10 að tilheyra einkennisgreinum sviðslistabrautarinnar**, þ.e. listgreina- og menningaráföngum, ensku, stærðfræði, sögu og heimspeki. Á vorönn í 2. bekk taka nemendur á KBS einn valáfanga, tvo á haustönn í 3. bekk og tvo á vorönn í 3. bekk.

Mála- og menningarbraut (MMB): Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 25 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 10 að tilheyra einkennisgreinum mála- og menningarbrautar**, þ.e. erlendum tungumálum, ferðamálafræði, landafræði, sögu og heimspeki, íslensku og stærðfræði. Á vorönn í 2. bekk taka nemendur á MMB einn valáfanga, tvo á haustönn í 3. bekk og tvo á vorönn í 3. bekk.

Náttúrufræðibraut (NB): Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 25 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 15 að tilheyra einkennisgreinum náttúrufræðibrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, sálfræði, stærðfræði, forritun og tölvufræði. Á vorönn í 2. bekk taka nemendur á NB einn valáfanga, tvo á haustönn í 3. bekk og tvo á vorönn í 3. bekk.

Raungreina- og tæknibraut (RTB): Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 20 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 10 að tilheyra einkennisgreinum raungreina- og tæknibrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, sálfræði, stærðfræði, forritun og tölvufræði. Nemendur á RTB taka alla sína valáfanga í 3. bekk, tvo á hvorri önn.

Nemendur þurfa að skoða vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þeir velja. Einnig þarf að hafa í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem stefnt er að loknu stúdentsprófi og velja valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR**

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hleknum **Valgreinar**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2023** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Þú skráir valið þitt í Innu og í valgreinabæklingi er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

Síðasti dagur til að skrá val í Innu er mánudagurinn 13. mars. Brautastjórar og náms- og starfráðgjafar eru nemendum til ráðgjafar og aðstoðar við val á áföngum og skráningu. Nemendur eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

Valáfangar í boði fyrir 2. bekk á vorönn 2024

(núverandi 1. bekkur)

Áfangi	Félagsgreinabraut	Mála- og menningarbraut	Kjörnámsbraut Sviðslistir og tónlist	Náttúrufræðibraut
BORG2LM05	X	X	X	X
ENSK3AS05	X	X	X	X
FJÁR1HF05		X	X	X
FORR2FO05				X
FRAN2MM05	X	X	X	X
GRHÖ1GR05	X	X	X	X
HEIL2BL05	X	X	X	X
HÖTE1GR05	X	X	X	X
ÍSLE2ÆB05	X	X	X	X
KYNF2KF05	X	X	X	X
LÍFF3SÝ05	X	X	X	X
NTDA2SK05	X	X	X	X
NÆRI3GR05	X	X	X	X
MENN2YN05	X	X	X	X
STÆR2FF05*	X	X	X	
TÁKN1AI05	X	X	X	X

* Áfangi í kjarna FB, KB og MMB

Nemendur skrá valið sitt í INNU. Nemendur eiga að velja **einn áfanga í aðalval og einn í varaval**

Leiðbeiningar um skráningu í INNU er að finna í valgreinabæklingi

Kynnið ykkur vel reglur um val sem er að finna í valgreinabæklingi

Valgreinabækling er að finna á heimasíðu skólans undir **Námið – Valgreinar**

Brautastjórar og náms- og starfráðgjafar eru nemendum til ráðgjafar og aðstoðar við val á áföngum og skráningu.

Síðasti dagur til að skrá val í Innu er mánudagur 13. mars